



Reykjanesbær 11.maí 2020

Keflavík, Íþrótt og Ungmennafélag
Sunnubraut 34
230 Reykjanesbæ

Íþrótt- og tómstundaráð Reykjanesbæjar
Efni: Fiber Íþróttakademíu

Sæl verið þið nefndafólk í íþrótt- og tómstundaráði Reykjanesbæjar. Sendi ykkur erindi fyrir hönd fimleikadeildar Keflavíkur.

Fimleikadeild Keflavíkur óskar eftir því að Reykjanesbær festi kaup á nýjum Fiber í Íþróttakademíuna.

Fiberinn sem er til er mikið skemmdur og er orðinn hættulegur iðkendum.

Fiber er áhald sem er notað í hóp fimleikum, hann er einnig mikilvægt æfingaráhald fyrir áhaldafimleika.

Eins og staðna er núna er ekki dansgólf fyrir hóp fimleika sem er eitt af þremur áhöldum sem tilheyrir greininni, þannig að ef við missum út fiberinn þá getur deildin ekki boðið upp á hóp fimleika á komandi tímabili. Það yrði mikið áfall og sorgleg staða.

Hjá Fimleikadeild Keflavíkur æfa um 55 börn hóp fimleika og hefur aukist í greininni undanfarin ár.

Á komandi tímabili teflir deildin fram 1.flokki, en það eru stúlkur sem urðu deildarmeistarar á síðasta tímabili í 2.flokki og er það stærsti titillinn sem deildin hefur unnið í hóp fimleikum.

Deildin óskar eftir að mæta á fund með ÍT og gera grein fyrir stöðu mála.

Keflavík Íþrótt og ungmennafélag

Einar Haraldsson formaður Keflavíkur

Einar Haraldsson

F.h. KEFLAVÍK 
K#: 590794-2019